

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS · AKUREYRI
(THE AKUREYRI MUSEUM OF NATURAL HISTORY)
P.O. BOX 180 · IS-602 AKUREYRI · ICELAND

**VATNSBÓL OG VATNSVERNDARSVÆÐI Í SVALBARÐSSSTRANDARHREPPI
OG EYJAFJARÐARSVEIT**

GREINARGERÐ TIL BENEDIKTS BJÖRNSSONAR, SKIPULAGSARKITEKTS

Halldór G. Pétursson
jarðfræðingur

Akureyri, mars 1994

SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR: Þau vatnsból sem ég hef skoðað í hreppnum eru tvö, við Garðsvík (Nr. 1 á korti) og í Dálksstaðafjalli (Nr. 2 á korti). Neysluvatn Svalbarðseyrar er tekið við Garðsvík. Vatnsbólið í Dálksstaðafjalli er nýtt af bændum, en það vatn sem þeir nota ekki fer í safntank og inn á vatnsveitu hreppsins.

Við Garðsvík (Nr. 1 á korti) eru virkjaðar lindir sem koma fram við brotalínu (sennilega sprungu) sem liggur langs eftir fjallsrótum. Vatnið er að einhverju leiti ættað djúpt úr jörðu, því það er heitt, um 7°. Er það hitastig í það hæðsta fyrir neysluvatn. Vatnið er tekið á premur stöðum, í tveimur tilvikum er vatn tekið úr lindum sem fossa beint út úr klettum. Í einu tilviki eru vatnsinntök á víð og dreif um urð (aurkeilu), en urðin hylur brotalínuna sem vatn bullar upp með. Vatninu er síðan safnað saman í safntank og þaðan leitt í safntankinn ofan við Svalbarðströnd.

Ekkert af þessum vatnsbólum er afgirt. Ekki er hægt, né ástæða til að girða umhverfis vatnsbólin í klettunum. Erfitt er að girða af vatnsbólið í urðinni, bæði helst þar engin girðing uppi til frambúðar vegna snjóalaga og bratta, auk þess er hreyfing á urðinni. Full ástæða væri þó til að girða svæðið af, því sauðfé sækir í það. Helst dettur mér í hug að þetta vandamál væri hægt að leysa með léttari rafgirðinu, sem sett væri upp á vorin og tekin niður á haustin.

Hreyfingin á urðinni skapar vandamál því vatnsinntök (tunnur) og leiðslur færast úr lagi og rofna. Eitthvað er um svona drauga í urðinni, en hugsanlega er mengunarhætta af þeim. Erfitt hefur verið að fá vatnsinntökin til að tolla utan á klettunum, auk þess er bergið krossprungið og mikið vatn rennur framhjá. Hrunhætta er talsverð neðan við klettan og Garðsvík er vel þekkt úr skriðu- og snjóflöðaannálum. Vatnsbólin eru því í töluverðri hættu vegna náttúruhamfara og reyndar þarf lítið að ske þannig að þau verði óvirk.

Grannsvæði vatnsbólanna er fjallsrætur ofan við og fjarsvæði er fjallshlíðin ofan við og suður af, eða það svæði sem brotalínan sem leiðir upp vatnið, liggur um.

Í Dálksstaðafjalli (Nr. 2 á korti) hefur verið virkjað lítið lindarsvæði, nánast dý í u.p.b. 300 m hæð. Þarna sytrar vatn út úr berggrunni og er vatnsuppkoman sennilega tengd brotalínum í berggrunninum, en þær liggja langs eftir fjalllinu ofan við vatnsbólið. Brunnsvæði vatnsbólsins er girt, en sú girðing er gömul og komið er að endurnýjun. Vatni er safnað af svæðinu með því að stinga plastrórum inn í uppsprettur eða undir mosann í dýjunum. Síðan er vatnið leitt í nokkrar safntunnur. Í upphafi hefur verið vandað til vatnsbólsins, en komið er að eðlilegri endurnýjun. Grannsvæði vatnsbólsins er brekkan ofan við lindirnar, en fjarsvæði er fjallshlíðin og fjallstoppurinn ofan við, eða það svæði sem hefur afrennsli að vatnsbólinu. Mannvirki Pósts og síma (þau syðri) eru á því svæði. Ekki er talin hætta af mengun á meðan farið er eftir reglum um spilliefni og úrgangi ekki fargað á fjalllinu.

Lindirnar við Garðsvík meiga að kalla fullnýttar og frekari stækkan og aðgerðir til að auka öryggi vatnsbólanna eru talsverðar framkvæmdir. Úr vatnsbólunum í Dálkstaðafjalli er ekki mikið viðbótarvatn að fá. Rétt virðist því að huga fljótlega að framtíðar vatnsmálum Svalbarðsstrandarhepps. Þau gögn sem ég hef séð frá borunum eftir heitu vatni við Svalbarðströnd gefa ekki tilefni til mikillar bjartsýni varðandi kalt neysluvatn í einhverju magni. Mér finnst vänlegast að kanna virkjunarmöguleika vatnsmikilla linda neðan við mynni Gæsadals, norðan megin í Víkurskarði.

EYJAFJARDARSVEIT: Þau vatnsból sem ég hef skoðað í Eyjafjarðarsveit eru: Bíldsárskarð (Nr. 3 á korti), en hugmyndir eru uppi um að virkja þar lindir fyrir vatnsveitu á nokkra bæi og íbúðarhús í Kaupangssveit. Við Brattahjalla í Staðarbyggðarfjalli (Nr. 4 á korti), en þar eru vatnsból byggðarkjarnans við Laugaland, Freyvangs og 10 bæja og íbúðarhúsa. Við Steinhólaskála í Eyjafjarðardal (Nr. 5 á korti). Við Hólavatn í Eyjafjarðardal (Nr. 6 á korti), en þar hefur verið boruð hola sem fyrirhugað er að nýta af sumarbúðunum við vatnið. Í fjallinu ofan við Saurbæ (Nr. 7 á korti), en þar eru vatnsból Sólgarðs. Gríasarárbotnar í Grenishólum (Nr. 8 á korti), en þar eru vatnsból Hrafagnils og Kristness. Vatnsból einstakra bæja, samveitur eða almennt ástand vatnsmála í Eyjafjarðarsveit hef ég ekki kannað.

Efst í vestanverðu Bíldsárskarði (Nr. 3 á korti) í um 640 m hæð eru nokkuð vatnsmiklar lindir, sem fyrirhugað er að virkja fyrir nokkra bæi og íbúðarhús í Kaupangssveit. Vatnsmesta lindin er út í mýrarflákum neðan við raflínu og línumslóðann sem liggur um skarðið. Að óbreyttu er varla mikil mengunarhætta af slóðanum eða raflínunni, því umferð ríðandi manna og fjárrrekstur er sunnan megin í skarðinu. Þetta getur breyst ef ný raflína verður lögð um svæðið, en þessi leið var auglýst fyrir nokkrum árum. Aðrar lindir eru norðan og ofan við slóðann, nær klettabelti. Vatnsuppkoman virðist tengjast fornu hraunlagi sem sést í klettunum. Einnig er hugsanlegt að vatnið tengist á einhvern hátt brotalínum með norðlægastefnu.

Ef að af þessari vatnsveitu verður er verndarsvæði vatnsbólsins, fjallstoppurinn norðan við skarðið.

Á og við Brattahjalla í Staðarbyggðarfjalli (Nr. 4 á korti) í u.p.b. 300 m hæð eru vatnsból Laugalands, Freyvangs og um 10 bæja og íbúðarhúsa í nágrenninu. Vatnsuppkoma virðist annars vegar tengjast berggrunnslagi, sem kemur fram uppi á hjallanum og hins vegar brotalínu við svonefnda Tvílæki (neðan við hjallann). Þarna hafa víða verið virkjaðar lindir ýmist með því að reka plaströr inn í uppsprettur (t.d. við Tvílæki) eða byrgja þær með mjólkurbrúsum eða plastfötum. Frágangur er góður miðað við hve erfitt er að athafna sig hér. Plastfötturnar eru þó varla nógu henntugar því smágróður þrifst inni í þeim.

Lagnir frá þessu svæði eru tvær, annars vegar að Ytra Laugalandi, Freyvangi og bæjunum í nágrenninu og hins vegar í safntanka en þaðan er leitt vatn í skóla, sundlaug, hreppsskrifstofu og prestsetur.

Vatnsbólin eru ógirt og hér er það bratt að engin girðing helst uppi til frambúðar. Brattihjalli er gróinn og sauðfé gengur þar laust, það ætti ekki að koma að sök því vel er gengið flestum vatnsinntökunum. Helst er að féð gæti með lagni álpast ofan í plastföturnar.

Verndarssvæði vatnsbólsins er hjallinn og fjallshlíðin ofan við. Það bratt er á svæðinu að hér er mögulega bæði skriðu- og snjóflóðahætta, auk þess er sennilega jarðskrið á svæðinu. Stækunar möguleikar þessarar vatnsveitu virðast ekki miklir.

Vatnsból Steinhólaskála (Nr. 5 á korti) er lítil lind uppi á hjalla ofan við skálann, íbúðarhús og sumarbústað. Lindin er í skógræktargirðingu og er hún byrgð með járnplötu. Ekki er hætta á mengun af leysingum eða náttúruhamförum, en verndarsvæðið er fjallshlíðin ofan við. Vatnið í lindinni er ættað úr berggrunni og er þetta eina uppsprettan á stóru svæði.

Fyrirhugað vatnsból sumarbúðanna við Hólavatn (Nr. 6 á korti) er um 12 m djúp borhola rétt norðan við heimtröðina að húsinu. Vatnsinntakið er á um 9 til 12 m dýpi, en þar er vatnleiðandi möl. Líklegt þykir mér að þetta vatn tengist Hólavatni sjálfu og þykir mér rétt að telja það fjarðsvæði borholunnar. Rétt er að hafa þetta í huga og sleppa ekki afrennsli frá sumarbúðunum eða sumarbústöðum út í vatnið. Núverandi vatnsból, sem aðeins er notað á sumrum er opið, en það er lækur í Hólafjalli.

Vatnsból Saurbæjar og Sólgarðs (Nr. 7 á korti) er í fjallsöxl Hleiðargarðsfjalls, upp og suður af rétt og endurvarpsstöð ofan við Háls. Bunnar eru fjórir, hver upp af öðrum og er girt utan um hvern brunn. Þetta eru nýleg vatnsból (nokkura ára) og eru gerð á þann hátt að hvert vatnsinntak (brunnur) hefur verið grafið niður að berggrunni, og púkkað í kring um það með dreinmöl. Yfir allt hefur svo verið jafnað með jarðvegi. Frágangur á þessum vatnsbólum er allur hinn besti. Vatn það sem hér er notað, virðist mér sitra fram á lagamótum í berggrunni, en verndarsvæði vatnsbólsins er fjallsöxlin ofan við eða Hleiðargarsfjall á dalamótum Eyjafjarðardals og Djúpadals.

Í Gríasarárbotnum við Grenishóla (Nr. 8 á korti) eru vatnsból Hrafnaðils og Kristness. Vatnsbólin sem eru í u.b.b. 500 m hæð eru upptök Gríasarár, en þar bullar vatn út úr framhlaupinu (berghlaup) Grenishólum, sem fallið hefur ofan úr Súlum. Nokkuð neðan við vatnsbólin greinist vatnslögnin upp í tvær leiðslur, önnur til Hrafnaðils, hin að Kristnesi, en ofan við byggðina á báðum stöðum eru safntankar.

Hér eru virkjaðar vatnsmiklar lindir, sem sennilega er afrennslisvatn undan og úr Grenishólum. Vel er þó hugsanlegt að eitthvað af þessu vatni sé ættað úr berggrunni og komi fram við brotalínur og/eða jarðlöög undir hólunum.

Vatnsinntök eru tvö, annað er í læk (stór uppsprett), sem fossar fram úr brattri, gróinni brekku og er það opið. Hitt er plaströr sem stungið inn í lind sem kemur undan bröttum moldarbakka. Þæði eru vatnsinntökin í brekkurótum bratts hjalla, en yfirborð hans er ógróið svo og efsti hluti brekkunnar. Nokkur hætta er því á úrrennsli úr brekkunni, en annars er mengunarhætta lítil, því leysingarfарvegir ofan úr Súlum sameinast farvegi Gríasarár til hluðar og neðan við vatnsbólin. Svæðið er ógirt og vafasamt hvort einhver girðing helst uppi til langframa á þessum stað. Helst dettur mér í hug að girðingarvandamálið sé hægt að leysa með því setja upp rafgirðingu á þeim tíma sem sauðfé er á vappi um svæðið. Þá þyrfi sennilega að endurnýja slóða að svæðinu, en það gæti aukið umferð um svæðið.

Til að þessi vatnsból standist kröfur dagsins í dag þarf að endurbýggja og byrgja vatninnitök (brunna). Brunnsvæði vatnsbólinns er brekkan og hjallabréunin ofan við, en grannsvæði hjallinn sjálfur. Fjarsvæði er Grenishólar ofan og norðan við að rótum Súlna.

Öflun neysluvatns er mun auðveldari vestan megin í Eyjafjardarsveit (Hrafnagilshreppur) en austan megin (Öngulstaðahreppur). Afrennsli er mun meira frá fjöllunum vestan megin og einnig virðast fleiri uppsprettur í berggrunni. Vatnsveita Hrafnagils og Kristness bolir nokkra stækkun og frekari vatnsöflunar möguleikar virðast góðir á því svæði. Öðru máli virðist gegna um austurhlutann (Öngulstaðahrepp), samveitur eru fáar og bola ekki stækkun. Vatnsöflunar möguleikar virðast litlir, nema e.t.v. hátt til fjalla (Vaðlaheiði) og í afdölum (Garðsárdalur, Þverárdalur). Aukin byggð hefur leitt til að forn vatnsból hafa orðið ónothæf og mér sýnist að vatnsöflun fari að hefta aukningu byggðar á svæðinu. Ég tel að þetta sé vandamál sem Eyjafjarðarsveit verður að taka á fyrr eða seinna.





